



Reykjavík, 12. mars 2020  
R20030010  
6631  
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 12. mars 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. febrúar 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. febrúar 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar vegna lóðarinnar nr. 54 við Hofsvallagötu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikill vilji er til þess að gera borgarumhverfið gott fyrir dýraeigendur og dýr. Hér er verið að auglýsa deiliskipulag sem þýðir að málinu er hvergi lokið heldur er verið að hefja formlegt samráðsferli um deiliskipulagið og biðla til íbúa og hagsmunaaðila að senda inn athugasemdir sem svo verða skoðaðar gaumgæfilega. Ef það er mikill vilji til að gera breytingar þá kemur vel til greina að gera þær eftir auglýsingatímamann. Staðsetning verður skoðuð með tilliti til athugasemda sem og stærð og hönnun.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er með eindæmum sorglegt af hverju skipulagsyfirvöld skulu sí og æ þverskallast við að hlusta á raddir hagsmunaaðila og sérfræðinga en þess í stað keyra málin áfram nánast eins og af þrjósku og stífní. Þetta má sjá í hnotskurn við hönnun og gerð hundagerðis við Vesturbæjarlaug. Flokkur fólksins hefur ítrekað bókað athugasemdir og hvað það er sem þarf að breyta til að gerðið verði fullnægjandi. Málið er framlagt í borgarráði og sjá má að allar athugasemdir hafa verið hunsaðar. Lögð er á borðið sama teikning og stendur 400m<sup>2</sup> undir teikningunni. Ef gerðið rís í þeirri stærð, þá er það ónothæft og aðeins verið að sóa peningum. Þetta er leiðinlegt því hugmyndin var samþykkt í kosningu um Mitt hverfi en skipulagsyfirvöld vilja eyðileggja hana með

Því að gera gerðið ónothæft. Í upphaflegri hugmynd átti gerðið að vera ca. 2000 m<sup>2</sup> samkvæmt mynd. Ekki aðeins er mikil seinkun á verkinu. Hundagerðið sem teiknað var inn í nóvember í fyrr var 700 fm. að stærð. 26. feb. var hins vegar samþykkt á fundi skipulagsráðs að minnka það í 400 fm. sem er allt of lítið. Fleiri annmarkar eru. Eins er girðing ekki fullnægjandi þar sem hún nær ekki niður á jörð og geta litlir hundar smeygt sér undir.



Helga Björk Laxdal  
e.u.